

5. gr.

44

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd, er annast úthlutun úr sjóðnum o. s. frv. samkv. framangreindu, en í henni skulu vera oddviti Austur-Eyjafjalla-hrepps á hverjum tíma, formaður skólanefndar hreppsins og viðkomandi sóknarprestur.

7. marz

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins gera reikning hans árlega og senda sýslunefnd til endurskoðunar og samþykktar.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

S A M Þ Y K K T

45

um breyting á samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu frá 7. júní 1934.

17. marz

Síðasti málsliður 14. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Að þeim tíma liðnum skal arðskráin haldast óbreytt, ef breytingar fást ekki samþykktar með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða allra félagsmanna.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

A R Ð S K R Á

46

Fiskræktar- og veiðifélags Laxár í Borgarfjarðarsýslu.

17. marz

Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:

Arður, hundraðshlutar:

Eyri	3,6 %
Hlíðarfótur	3,9 —
Hóll	2,5 —
Tunga	7,0 —
Steinsholt	1,9 —
Melkot	6,5 —
Leirá	9,0 —
Vogatunga	5,7 —
Beitistaðir	1,4 —
Lækur	3,0 —
Skipanes	6,0 —
Arkarlækur	2,0 —
Kjalardalur	6,0 —
Litli-Lambhagi	3,5 —

46 17. marz	Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:	Arður, hundraðshlutar:
	Lambhagi	4,5 %
	Stóri-Lambhagi	12,0 —
	Vestra-Miðfell	9,0 —
	Hurðarbak	2,5 —
	Svarfhóll	7,5 —
	Klaksjóður félagsins	2,5 —
	Samtals	100,0 %

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 18. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

47
18. marz

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Svarfdælahéraðs.

Tilgangur hans er að afla fjár til sjúkraskýlisbyggingar í Svarfdælahéraði.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af samskotum, er hófust 1913, og af vöxtum af því fé, er safnast hefir, en það var mestmegnis úr Svarfaðardalshreppi. Innstæða sjóðsins var í árslok 1937 kr. 6009.06, auk minningarsjóðs um Arndísi Sigvaldadóttur húsfreyju á Ytra-Kláfaskinni, er stofnaður var við jarðarför hennar 1918 af minningargjöfum um hana til styrktar sjúkraskýlisbyggingunni, en sá sjóður var í árslok 1937 kr. 268.39, og telst líka til sjúkraskýlissjóðsins. Allt fé beggja sjóðanna, til samans kr. 6277.45, var þá í Sparisjóði Svarfdæla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir Svarfdælahéraðs, sem er formaður hennar, hreppstjóri Svarfaðardalshrepps og hreppsnefndaroddiviti Svarfaðardalshrepps. Ef sami maður hefir fleiri en eitt af þessum störfum á hendi, svo að stjórnin verði þess vegna ekki fullskipuð, kys hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps þriðja mann í stjórnina, og skal hann kosinn til jafnlangs tíma og hreppsnefnd sú, er kys hann, nema þær ástæður, er gerðu kosningu hans nauðsynlega, breytist fyrr, því að þá vikur hann þegar úr stjórninni.

Enn skal varamaður kosinn til eins árs í senn á hreppsskilabingi Svarfaðardalshrepps, til að taka sæti í stjórninni, ef autt verður um stundarsakir vegna andláts, brottflutnings eða annara forfalla.